

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
4. fundur þriðjudaginn 29. janúar 2019 kl. 9
Nefndasvið Alþingis

F U N D A R G E R ð

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP). Einnig sátu fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG). Ástríður Jóhannesdóttir hafði boðað forföll.

Fundargerð: Laufey Helga Guðmundsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Samráðsfundur með þingflokkum 18. janúar 2019.

Greint frá fundi með fulltrúum þingflokka sem haldinn var 18. janúar 2019. Fyrirhugað að funda sérstaklega með fulltrúa Miðflokksins eftir fund starfshópsins þar sem hann komst ekki á fundinn 18. janúar.

3. Réttindi fatlaðs fólks í tengslum við kosningar.

Rætt um þrjár greinar um efnið sem LHG dreifir til starfshópsins. Gagnrýnt hefur verið af hagsmunaaðilum að ef einstaklingur þurfi aðstoð til að greiða atkvæði vegna annars konar fötlunar en sjónleysi eða að honum sé hönd ónothæf, s.s. þroskahömlun, eigi hann ekki rétt til aðstoðar. Þetta sé mismunun á grundvelli fötlunar sem stangist á við stjórnarskrá og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Ákveðið að boða Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið á næsta fund starfshópsins 5. febrúar nk. og óska eftir hugmyndum og tillögum þeirra að lausnum.

4. Löggjöf um kosningar steypit í eitt skjal.

LHG hafði sent fyrir fundinn allra fyrstu frumdrög að heildarlögum um kosningar sem taka til alþingiskosninga, sveitarstjórnarkosninga, forsetakjörs og þjóðaratkvæðagreiðslna. Yfirferðinni lauk í samræmi við norsku leiðina þar sem í ljós kom að fáir kaflar standa alveg stakir (aðallega framboðskaflar og kaflar um úrslit kosninga). Margt þarfnast nánari skoðunar, m.a. hvort tilefni er til að hafa sérstakan kafla um stofnanir framfarir í frumvarpinu, hvort eitthvað eigi frekar heima í öðrum lögum eða í reglugerð. Nefnt að starfshópurinn ætti að gefa sér það frelsi að skoða löggjöfina vel og hafa vítt sjónarhorn á málin þegar efnið væri nálgast. Tilefni er til að skoða tilmæli og almennar leiðbeiningar frá ÖSE um málið og kosningalöggjöf nýrra lýðræðisríkja. Ljóst að íslenska kosningalöggjöfin er mjög ítarleg og tæknileg þar sem menn hafa ekki reitt sig á útgáfu reglugerða eða leiðbeininga um efnið.

Ákveðið að LHG skoði hvort einhverjir hlutar laganna (eins og kafli um stjórn málasamtök og listabókstafi) eigi heima í sérstökum lögum eða öðrum lögum (þingsköpum, sveitarstjórnarlögum o.s.frv.). Einnig hvaða hlutar laganna eða ákvæði ættu heima í reglugerð. Rétt að skoða norsku lögin í þessu sambandi.

Ákveðið að BH fundi með forseta Alþingis m.a. vegna ákvæða um stjórn málasamtök, listabókstafi og framboð.

Rætt um að kalla þurfi eftir afstöðu þingflokka til hugmynda um setningu reglugerða í auknum mæli í stað lagaákvæða um lagatæknileg atriði eins og kjörskrá, tímasetningar og þess háttar. Mögulegt að skilyrða í slíku lagaákvæði að reglugerð verði sett að höfðu samráði við tiltekna aðila.

5. Önnur mál.

Greint frá efasemdum dómsmálaráðherra um hvort að verkefni landskjörstjórnar sem sjálfstæðrar stjórnslueiningar væru nægjanleg til að réttlæta sérstaka stofnun um kosningar. Rætt um að rökin fyrir tillögunni á sínum tíma voru m.a. þau að staða ráðherrans getur orðið snúin þegar úrskurða þarf t.d. um gildi framboð. Hugmynd um úrskurðarnefnd um kosningamál þarf að halda sérstaklega til haga. Ákveðið að LHG taki saman minnisblað um kosti og galla við miðlæga stofnun um kosningar. BH ræðir og ber minnisblaðið undir forseta Alþingis.

Fundið slitið 10:20.